



FRAMKVÆMDALEYFI

Heiti framkvæmdaleyfis:

Reykjanes, sjóvarnir

Leyfishafi:

Vegagerðin, kt. 680269-2899
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Leyfisveitendur:

Sveitarfélagið Garður, kt. 570169-4329
Sunnubraut 4
250 Garður

Sandgerðisbær, kt. 460269-4829
Miðnestorg 3
245 Sandgerði

Framkvæmdaraðili:

Ellert Skúlason ehf., kt. 610472-0289
Fitjabraut 2
260 Reykjanesbær

Eftirlitshafi framkvæmda:

Vegagerðin, kt. 680269-2899
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Undirritaður f.h. Sveitarfélagsins Garðs, og Sandgerðisbæjar veitir hér með Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir "Reykjanes, sjóvarnir" í landi sveitarfélaganna.

Vegagerðin, kt. 680269-2899, er heimilt að framkvæma vinnu við sjóvarnarverkefnið á Reykjanesi á þremur stöðum í landi Sveitarfélagsins Garðs og þremur stöðum í landi Sandgerðisbæjar alls um 1.200 metra vegalengd.

Staðsetningar og helstu verkþættir:

- 1. Sandgerðisbær, Norðurkotstjörn, endurbyggja og styrkja vörn við æðarvarp. Um 300 m endurbygging sjóvarnar við æðarvarp. Áætlaður framkvæmdatími: 15.03.16 – 15.04.16*
- 2. Sandgerðisbær, sunnan við Setberg, bygging um 100 m nýrrar sjóvarnar. Framkvæmdatími: 18.04.16 – 13.05.16*
- 3. Sandgerðisbær, sunnan Hvalnestorfu við Hrossatjörn. Sjóvörn þar sem skarð hefur rofið sjávarkambinn við sunnanverða tjörnina á um 65 m kafla. Áætlaður framkvæmdatími: 16.05.16 – 10.06.16*
- 4. Sveitarfélagið Garður, vestan bilaplans við Garðskagavita. Endurbygging sjóvarnar á 85 m kafla. Áætlaður framkvæmdatími: 22.08.16 – 15.09.16*
- 5. Sveitarfélagið Garður, Nesfiskur-Lambastaðarvör, endurbyggja vörn á þremur köflum samtals 350 m. Áætlaður framkvæmdatími: 13.06.16 – 19.08.16*
- 6. Sveitarfélagið Garður, meðfram fjórðu braut Golfvallarins Leiru, um 300 m framlenging á eldri sjóvörn. Áætlaður framkvæmdatími: 08.02.16 – 15.03.16*

Stutt lýsing framkvæmdar:

Skv. úrdrætti úr verklýsingu, des. 2015, felst verkið m.a. í að grafa fyrir fæti og jafna undir sjóvörn, flokka og sækja flokkað grjót og kjarna, flytja að garðstæði og raða í sjóvarnargarð. Gerð og viðhald aðkomuleiða á verk tíma frá vegi að verkstöðum á hverjum stað. Þar sem sjóvarnir tengjast vörn sem



fyrir er skal ganga frá samskeytum þannig að ekki verði veila í grjótvörninni og sem minnst misfella sjáist. Heildarmagn flokkaðs grjóts og kjarna úr námu 7.600 m³ upptekt og endurröðun efnis um 3.000 m³.

Önnur skilyrði leyfisveitenda:

Framkvæmdaleyfi er bundið skilyrðum að tryggt sé að komið verði í veg fyrir umhverfisspjöll ásamt verndun landslags. Því tengt er sérstök athygli vakin á staðsetningu golfvallar á einu landsvæðinu ásamt viðkvæmu æðavarpí á öðru. Verk skal unnið í náinni samvinnu við forsvarsmenn þessara svæða. Skal Vegagerðin jafna allt jarðrask að loknum framkvæmdum og lagfæra hugsanlegar skemmdir utan verksvæða.


Vegagerðin sem framkvæmdaraðili ber að tilkynna leyfisveitanda með fullnægjandi hætti allar breytingar sem kunna að verða á framkvæmd.

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi við útgáfu þess 8. janúar 2016 og fellurt úr gildi 15. október 2016. Ef framkvæmdum lýkur fyrir fellur það sjálfkrafa samstundis úr gildi.

F.h. Sveitarfélagsins Garðs, kt. 570169-4329 og Sandgerðisbæjar, kt. 460269-4829:

Sandgerði, 08. janúar 2016


Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri umhverfis-, skipulags- og byggingasviðs Sandgerðis og Garðs